



# Framkvæmda- fréttir 5. tbl. /18



Ný Vestmannaeyjaferja í smíðum í skipasmíðastöðinni CRIST C.A. í Gdansk í Póllandi 20. apríl 2017.

## Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni fimm rannsóknarskýrslna. Finna má allar skýrslur á [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“

## Viðhorf og ferðavenjur erlendra öikumanna bílaleigubíla á Íslandi sumarið 2017

Bjarni Reynarsson, Landráð sf., nóvember 2017

Könnunin sem sagt er frá í þessari skýrslu, var gerð hjá erlendum ferðamönnum sem tóku bíl á leigu hjá bíleigunni Geysi á tímabilinu júní til loka ágúst 2017.

Meðal þess sem fram kemur í skýrslunni er að algengast er að leigutakar séu karlmenn og eru þeir flestir á aldrinum 30-49 ára. Lang flestir svarendur eru frá Evrópu, en afar fá svör eru frá Asíu. Spurningalistinn var á ensku og er það m.a. talið skýra þessa litlu þátttöku þaðan, en einnig kemur fram

að tæpur fimmtungur gefur ekki upp þjóðerni sitt og er talið líklegt að þar séu innifaldir stór hluti frá Asíulöndunum.

Flestir taka á leigu minnstu gerð fólksbíla (43%), en tæplega 30% leigja jepplinga. Meðalleigutíminn eru tæpir 9 dagar. Lang flestir aka yfir 1.000 km. Flestir (86%) segjast hafa ekið á malarvegum og 31% á hálendisvegum. Einnig kemur fram að 6% segjast hafa ekið utan vega.

Um 90% svarenda töldu sig hafa fengið nægar upplýsingar um akstur á íslenskum vegum áður en lagt var af stað. Það sem oftast var nefnt um þörf á frekari upplýsingum var ástand vega, akstur á einstökum svæðum og utanvegakstur. Upplýsinga var leitað hjá Vegagerðinni og Veðurstofunni af 30% svarenda. Flestir, yfir 90%, töldu sig örugga eða nokkuð örugga í akstrinum um Ísland og almennt gekk svarendum vel að rata til ákvörðunarstaðar eftir vegmerkingum, enda áttu um 77% svarenda ekki í

[Útboðsvefur.is](http://Útboðsvefur.is) - Opinber útboð

Vegagerðin auglýsir útboð sín á vefsíðunum [Útboðsvefur.is](http://Útboðsvefur.is) og [vegagerdin.is](http://vegagerdin.is) en ekki í þessu blaði. Verktakar eru minntir á að fylgjast vel með auglýsingum.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 5. tbl. 26. árg. nr. 684 22. maí 2018

Ritstjórn og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**G. Pétur Matthíasson**  
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
[askrift@vegagerdin.is](mailto:askrift@vegagerdin.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeftir sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra lesenda. Blaðið kemur út einu sinni í mánuði að jafnaði. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

erfiðleikum með að skilja vegmerkingar og umferðarskilti. Varðandi erfiðleika við einstök atriði varðandi aksturinn kemur fram að flestir telja of fáa staði til að stoppa þar sem hægt væri að taka myndir.

Þegar spurt var um umferðaróhöpp, kom fram að 4% lentu í slíku og þeir voru flestir frá Asíu (ath. þetta er þrátt fyrir að fremur lágt hlutfall var af svörum frá Asíu, eins og áður er komið fram).

Ýmsar ábendingar koma fram varðandi hvað má bæta hér og fæst af því kemur á óvart. Fleiri vegir með bundnu slitlagi eru ofast nefndir en einnig kemur fram að algengt er að bent sé á að bæta þurfi salernisaðstöðu.

Varðandi hálendisvegi telur meira en helmingur svarenda að ekki ætti að leggja á þá bundið slitlag, né að þar verði brúm fjölgað.



Bilaleigubílar við Seljalandsfoss.

### Yfirborð brúa

Helgi S. Ólafsson og Gylfi Sigurðsson, Vegagerðin, nóvember 2017

Þegar kemur að yfirborði brúa, má það teljast „hefðbundið“ að efsti hluti burðarvirkisins sé einnig slitlag sem ekið er á. Vandamál við það hafa m.a. verið að erfitt er að ná nægilegum sléttleika til að þægilegt sé að aka á brúnni. Í



Borgarfjarðarbrú, endurnýjun á slitlagi.

þessu verkefni voru skoðaðir valkostir við þessa aðferð, kostir þeirra og gallar metnir, auk þess sem núvirtur líftímakostnaður aðferðanna var borinn saman. Valkostirnir voru að steypa sérstakt slitlag jafnframt því að burðarvirki er steipt (blautt í blautt), leggja þéttilag og malbika yfir það og í þriðja lagi að leggja sérstakt tiltölulega þunnt steipt slitlag úr 40-50 mm slitsterkri steypu yfir burðarvirkið.

Í niðurstöðukafla skýrslunnar kemur meðal annars fram að í ljós kom að ekki voru margir kostir í stöðunni til að endurbæta „hefðbundnu“ aðferðina og því var það ekki skoðað nánar. Því er eindregið lagt til að víkja frá þessari aðferð og leggja fremur sérstakt slitlag. Jafnframt er bent á að íhuga hvort unnt sé að breyta þeim brúm sem þegar eru í farvegi, en samkvæmt útreikningum er það ekki íþyngjandi í kostnaði.

Meðal kosta sem það hefur í för með sér að víkja frá „hefðbundnu“ aðferðinni, er að það tryggir sléttara yfirborð og betri aksturseginnleika og eykur þannig öryggi vegfarenda. Þá er bent á að með sérstöku slitlagi er einnig komið fyrir varnarlagi í yfirborð brúar, sem verndar burðarvirki, sérstaklega kapla og bendingu. Útreikningar sýna líka að kostnaður á líftíma mannvirkisins verður mun lægri ef sérstöku slitlagi er komið fyrir, en í reynd er verið að ýta kostnaði yfir á framtíðina með „hefðbundnu“ aðferðinni.

### Hægtryðgandi stál. Tæring við íslenskar aðstæður (áfangaskýrsla 1)

Kristín Helgadóttir og Baldvín Einarsson, Efla, nóvember 2017

Hægtryðgandi stál er stál með háan kennistyrk og lágt hlutfall viðbæta (e. alloys) og hefur mun betra tæringarþol en hið hefðbundna byggingastál. Í skýrslunni kemur fram að munurinn á hægtryðgandi stáli og hefðbundnu varðandi tæringu, er gróft séð að upphaflega ryðlagið losnar ekki og verndar stálið fyrir varanlegri tæringu. Í hefðbundnu stáli losnar ryðlagið og tæring hefst að nýju, nýtt ryðlag losnar og svo koll af kolli.

Tilgangur verkefnisins er að afla áreiðanlegra heimilda um tæringu og veðrunarþol hægtryðgandi stáls við íslenskar aðstæður, en skortur á vitneskju um það hefur verið hamlandi á að nota það í burðarvirki héraendis, til dæmis í brúargerð.

Í skýrslunni er meðal annars fjallað um erlendar rannsóknir á hægtryðgandi stáli og ávinning af notkun þess í brúargerð auk þess sem stiklað er á stóru um notkun þess í mannvirki, bæði hér og erlendis.

Kostir við að nota hægtryðgandi stál fremur en hefðbundið er að umtalsverður kostnaður sparast á framkvæmda- og líftíma brúarinnar þar sem ekki þarf að ryðverja og mála stálið. Um leið minnkar umhverfisfótspor mannvirkisins vegna efnissparnaðar.



Gullinbrú í Grafarvogi er klædd hægtryðgandi stáli.

Í rannsókninni verða gerð tæringarpróf á 12 stöðum á landinu. Veðrunarsýni verða sett á rekka, sem hafa áður verið notaðir til mælinga á tæringu málna héraendis. Staðirnir eru valdir með tilliti til staðsetninga mælistöðva Veðurstofunnar svo unnt verði að greina samband tæringar og veðurfars. Sýni voru sett upp í lok sumars 2017 og síðan verða gerðar mælingar eftir eitt ár og svo áfram eftir 3, 5 og 10 ára veðrun. Gert er ráð fyrir að lokaskýrsla verði rituð um verkefnið árið 2027.

### Salernisaðstaða við Þjóðvegi Íslands. Kortlagning þarfar á salernisaðstöðu meðfram Þjóðvegum (2. hluti)

Ragnhildur Gunnarsdóttir, Hlöðver Stefán Þorgeirsson og Reynir Sævarsson, Efla, ágúst 2017

Í fyrri áfanga þessa verkefnis var reynt að skilgreina staði á Þjóðvegi 1, þar sem þörf var talin vera á fleiri vegasalernum. Til að meta það var miðað við umferðarálag á viðkomandi vegi sem og talningu á ferðamönnum á helstu ferðamannastöðum landsins. Innan Vegagerðarinnar var salernisþörf einnig skoðuð og notast við reiknilíkan þar sem meðal annars var miðað við hegðunarmynstur vegfarenda. Fyrri áfangi þessa verkefnis náði eins og áður segir yfir Hringveginn, en reiknilíkan



Þursalerni við Laufskálavörðu 2017.

Vegagerðarinnar var viðtækara. Í verkefninu er gerð nánari greining á þeim 37 áningastöðum sem bent var á í þessum úttektum. Auk þess eru kynntar tvenns konar lausnir, annars vegar vatnssalerni og hins vegar þursalerni og fjallað um kostnað þeirra og sett er fram flæðirit fyrir ákvarðanatöku um hvaða lausn ætti að velja. Þá er í skýrslunni rætt um möguleika á endurnýtingu seyru til landgræðslu.

Áður nefndum lausnum er lýst hvorri fyrir sig og fjallað um kosti og galla þeirra auk kostnaðar (stofn- og rekstrarkostnaður). Fram kemur að þursalerni gætu verið áhugaverður kostur og þau eru að mörgu leyti umhverfisvænni lausnir en vatnssalerni. Auk þess er rekstrarkostnaður þeirra oft á tíðum lægri. Þau má einnig nota allt árið um kring, en á mörgum ferðamannastöðum eru vatnssalerni aðeins notuð á sumrin, þar sem ekki er hægt að halda vatnsveitunni frostvarinni yfir vetrartímamann nema rafveitu njóti við. Hins vegar er bent á að margir ferðamenn vilja ekki nota þursalerni, en þó tekið fram að með tæknilega góðum lausnum er hægt að gera slíkar lausnir jafn snyrtilegar og notendavænar og hefðbundin vatnssalerni.

Varðandi endurnýtingu seyru kemur fram að virk landgræðslusvæði eru á landinu öllu, þar sem nýta mætti hana til uppgræðslu. Bent er á að slíkt ætti að gera í samvinnu við Landgræðslu ríkisins.


Fram kemur að þó þursalerni gæti almennt verið áhugaverður kostur, er nauðsynlegt að gera staðarkönnun á hverjum stað fyrir sig áður en ákvörðun er tekin um lausn. Flæðiritinu sem útbúið var og birt er í skýrslunni, er ætlað að hjálpa til þess.

### Umferðaröryggi við strætóstöðvar

Arna Kristjánsdóttir, Efla, desember 2017

Í þessu verkefni var umferðaröryggi við strætóstöðvar á vegum Vegagerðarinnar, bæði innan og utan þéttbýlis skoðað. Tilgangur var meðal annars að kanna hvort útfærslur strætóstöðva hefði áhrif á umferðaröryggi þeirra.

Skoðuð voru slysgögn frá árunum 2008-2015 og var valið að skoða slys í 40 m radius kringum strætóstöðvarnar. Á tímabilinu urðu tæplega 4.000 umferðaróhöpp á þessum svæðum, en mörg þeirra tengdust ekki strætóstöðvunum og voru því tekin út úr greiningunni. Eftir það stóðu um 1.300 umferðaróhöpp, öll innan höfuðborgarsvæðisins og þá miðað við allar strætóstöðvar þar. Af þeim eru flest (89%) án meiðsla. Slys með meiðslum voru 143, þar af 28 með alvarlegum meiðslum. Á tímabilinu voru fjögur banaslys í nágrenni strætóstöðva, í öllum tilvikum ekið á gangandi



Dýrafjarðargöng, staða framkvæmda 14. maí 2018. Búið er að sprengja samtals 2.207 m sem er um 41,6% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 5,3 km, vegskálar ekki meðtaldir.

vegfara. Flest óhöpp (71%) eru hins vegar árekstrar milli bíla sem aka í sömu átt (oftast aftanákeyslur).

Ef aðeins eru skoðuð þau óhöpp sem verða í nágrenni strætóstöðva við vegi Vegagerðarinnar eru þau 506. Af þeim eru flest án meiðsla, svipað hlutfall og í öllum óhöppunum (88%). Slys með meiðslum voru 59 þar af 10 með alvarlegum meiðslum. Banaslys voru tvö. Árekstrar milli tveggja bíla sem aka í sömu stefnu er einnig algengust við þessar strætóstöðvar.

Nokkrar strætóstöðvar á Miklubraut, Hringbraut við Háskóla Íslands og á Bústaðavegi við Perluna skera sig úr vegna fjölda óhappa. Þessir staðir eru greindir nánar í skýrslunni hver fyrir sig. Meðal þess sem fram kemur við þessa greiningu er að útskotsvasar eru of stuttir og hafa áhrif á hraða strætisvagnanna þegar þeir aka út í umferðina. Það eykur hættu á aftanákeyslum, sem eru algengustu óhöppin

við þessar aðstæður. Greint er frá viðmiðum við útfærslu strætóstöðva í Svíþjóð, Noregi og Danmörku og bent á að hafa megi það til viðmiðunar þegar útfærslur við gerð strætóstöðva eru valdar hér. ■



Strætóstöð við Sunnuhlíð í Kópavogi.

## Niðurstöður útboða

### Grafningsvegur (360), Hagavík - Nesjavellir 18-073

Tilboð opnuð 15. maí 2018. Endurbýgging Grafningsvegur (360) frá Nesjavöllum og út fyrir Hagavík. Verkið felst í undirbyggingu vegarins á sama stað, lögn ræsa, útlögn og vinnsla burðarlaga og klæðingar á 5 km kafla. Helstu magntölur eru:

Bergskeringar	1.000 m <sup>3</sup>
Aðrar skeringar	9.135 m <sup>3</sup>
Fyllingar	11.465 m <sup>3</sup>
Ræsalögn	168 m
Endafrágangur ræsa	16 stk.
Styrktarlag (neðra burðarlag)	8.810 m <sup>3</sup>
Burðarlag (efra burðarlag)	8.130 m <sup>3</sup>
Vegrið	395 m
Klæðing	32.650 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	63.565 m <sup>2</sup>

Verklök eru 15. október 2018, útlögn klæðingar skal þó lokið fyrir 15. september 2018.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 IJ Landstak ehf., Reykjavík	183.942.300	131,3	29.972
3 Vörubifreiðastjórafélagið Mjólnir, Selfossi	182.401.850	130,2	28.431
1 Suðurtak ehf., Grímsnesi	153.970.500	109,9	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	140.100.000	100,0	-13.871



Grafningsvegur (360), Hagavík - Nesjavellir sjá niðurstöður útboðs

## Niðurstöður útboða

### Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir á Suðursvæði og Austursvæði 2018 18-005

Tilboð opnuð 3. maí 2018. Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir á Suðursvæði og Austursvæði 2018.

Helstu magntölur eru:

Heflun axla	20 km
Hjólfarafylling með flotbiki	39.090 m <sup>2</sup>
Afrétting með kaldbiki, axlir og sigkaflar	31.280 m <sup>2</sup>

Verki skal lokið fyrir 1. september 2018.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 Arnardalur ehf., Kópavogi	119.258.300	110,4	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	108.041.000	100,0	-11.217

### Grindavík, dýpkun 2018 18-064

Tilboð opnuð 3. maí 2018. Hafnarstjórn Grindavíkur óskaði eftir tilboðum í dýpkun innan Grindavíkurhafnar.

Um er að ræða stofndýpkun innan hafnar.

Helstu magntölur:

Dýpkun innan hafnar í kóta -8,0 m	
Flatarmál dýpkunarsvæðis	4.764 m <sup>2</sup>
Magn dýpkunarefna sem á að fjarlægja	um 13.318 m <sup>3</sup>

Verkinu skal lokið eigi síðar en 31. desember 2018.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Sjótaekni ehf., Kópavogi	162.192.000	107,4	87.986
--- Áætlaður verktakakostnaður	150.998.000	100,0	76.792
2 Hagtak hf., Hafnarfirði	119.030.200	78,8	44.824
1 Björgun ehf., Reykjavík	74.206.349	49,1	0

### Efnisvinnsla á Vestursvæði 2018-2019 18-012

Tilboð opnuð 17. apríl 2018. Efnisvinnsla á Vestursvæði 2018-2019.

Helstu magntölur eru:

Klæðingarefni	29.500 m <sup>3</sup>
Malarslittlagsefni	23.800 m <sup>3</sup>

Verkinu skal að fullu lokið 30. september 2019.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Magnús I. Jónsson ehf., Selfossi	337.444.000	129,2	97.558
--- Áætlaður verktakakostnaður	261.160.661	100,0	21.275
2 Skútabergh ehf., Akureyri	242.544.000	92,9	2.658
1 Tak-Malbik ehf., Borgarnesi	239.885.700	91,9	0

### Skaftártunguvegur (208), brú á Eldvatn 18-052

Tilboð opnuð 24. apríl 2018. Smíði nýrrar brúar yfir Eldvatn á Skaftártunguvegi (208) í Skaftárhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu. Ný brú yfir Eldvatn verður 80 m löng stálbogabrá og er um 0,5 km vestan núverandi vegamóta Hringvegur og Skaftártunguvegur í nýrri veglínu Skaftártunguvegar frá Eystri Ásum að nýjum vegamótum við Hringveg.

Helstu magntölur eru

Mótafletir	385 m <sup>2</sup>
Steypustyrktarjárn	49.500 kg
Steypa	304 m <sup>3</sup>
Vegrið á brú	164 m
Forsteyptar einingar	120 stk.
Smíði og uppsetning stálvirkja	190 tonn
Hengistangir	6,3 tonn
Stálvirki, hreinsun	1.220 m <sup>2</sup>
Stálvirki, málnun	1.220 m <sup>2</sup>
Stálvirki, málmhúðun	1.220 m <sup>2</sup>
Legur	4 stk.

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. júlí 2019.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 Eykt ehf., Reykjavík	487.142.374	160,2	119.724
2 Ístak hf., Reykjavík	426.076.145	140,2	58.658
1 Munck Íslandi ehf., Kópavogi	367.418.278	120,9	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	304.000.000	100,0	-63.418

### Yfirborðsmerkingar kantlínur 2018, Suðursvæði, Vestursvæði, Norðursvæði og Austursvæði 18-055

Tilboð opnuð 24. apríl 2018. Yfirborðsmerkingar akbrauta með málningu á öllum fjórum svæðum Vegagerðarinnar þ.e. Suðursvæði, Vestursvæði, Norðursvæði og Austursvæði. Um er að ræða málun kantlína á vegum með bundið vegyfirborð 2018.

Verkið er boðið út til eins árs, ekki er um möguleika á framlengingu verksamnings að ræða.

Helstu magntölur

Flutningur vinnuflokks	500 km
Málaðar kantlínur	2.000.000 m

Verki skal að fullu lokið 1. september 2018.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Vegamál Vegmerking ehf., Reykjavík	96.800.000	112,9	33.100
2 Vegamálun ehf., Reykjavík	93.000.500	108,5	29.300
--- Áætlaður verktakakostnaður	85.750.000	100,0	22.050
1 EKC Svergie Ab, Svíþjóð	63.700.010	74,3	0

## Niðurstöður útboða, vetrarþjónusta Suðursvæði

### Vetrarþjónusta Vestur-Skaftafellssýslu 2018-2021, Kirkjubæjarklaustur – Fagurhólsmýri 18-062


Opnun tilboða 24. apríl 2018. Vetrarþjónusta árin 2018-2021 á eftirtöldum leiðum:  
Hringvegur (1),  
Kirkjubæjarklaustur – Fagurhólsmýri 90 km  
Klausturvegur (205), Hringvegur – Skaftárvellir 0,2 km  
Skaftafellssvegur (998),  
Hringvegur – Þjónustumiðstöð, 2 km.  
Heildarlengd megin vegakafila er um 92 km  
Helstu magntölur á ári eru:  
Akstur mokstursbíls 19.500 km  
Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)	
---	Áætlaður verktakakostnaður	21.610.000	100,0	160
1	Helgi Grétar Kjartansson, Vík	21.450.000	99,3	0

### Vetrarþjónusta Vestur-Skaftafellssýslu 2018-2021, Eyjafjöll – Vík 18-060

Opnun tilboða 24. apríl 2018. Vetrarþjónusta árin 2018-2021 á eftirtöldum leiðum:  
Hringvegur (1), Steinar – Vík, 44 km  
Reynishverfisvegur (215), Hringvegur – bílaplan, 5 km  
Dyrhólavegur (218), Hringvegur - bílaplan, 7 km  
Mýrdalsjökulsvegur (222),  
Hringvegur – Ytri- Sólheimar, 1 km  
Sólheimajökull (221), Hringvegur – bílaplan, 5 km  
Skógar (2420)(2440), Hringvegur – byggðasafn, 1,5 km  
Skógarvegur – Skógarfoss (fyrra plan), 1 km  
Heildarlengd megin vegakafila er um 65 km  
Helstu magntölur á ári eru:  
Akstur mokstursbíls 12.500 km  
Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
Engin tilboð bárust.			



### Vetrarþjónusta Vestur-Skaftafellssýslu 2018-2021, Vík – Kirkjubæjarklaustur 18-061

Opnun tilboð 24. apríl 2018. Vetrarþjónusta árin 2018-2021 á eftirtöldum leiðum:  
Hringvegur (1), Vík – Kirkjubæjarklaustur, 71 km  
Meðallandsvegur (204),  
Hringvegur – Fossar, klæðingarendi, 13 km  
Skaftártunguvegur (208),  
Hringvegur – Hrífunesvegur, 5 km  
Hrífunesvegur (209),  
Flaga – Skaftártunguvegur, 2,5 km  
Fjaðrárgljúfur (F206-11), Lakavegur – gönguleið 1,0 km  
Heildarlengd megin vegakafila er um 93 km  
Helstu magntölur á ári eru:  
Akstur mokstursbíls 20.000 km  
Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)	
---	Áætlaður verktakakostnaður	22.060.000	100,0	260
2	Andrés Pálmason, Kerlingardal, Vík	24.752.500	112,2	2.953
---	Áætlaður verktakakostnaður	22.060.000	100,0	260
1	Helgi Grétar Pálmason, Vík	21.800.000	98,8	0

## Niðurstöður útboða, vetrarþjónusta Vestursvæði

### Vetrarþjónusta 2018-2021, Vatnaleið og Snæfellsnesvegur 18-026

Tilboð opnuð 24. apríl 2018. Vetrarþjónusta árin 2018-2021 á eftirtöldum leiðum:  
Vatnaleið (56), frá Stykkishólmsvegi og yfir Vatnaleið, 23 km  
Stykkishólmsvegur (58), 9 km  
Snæfellsnesvegur (54)  
frá Heydalsvegi að Staðarstað, 41 km  
Snæfellsnesvegur (54)  
frá Stykkishólmsvegi að Narfeyri, 17 km  
Helstu magntölur eru:  
Akstur mokstursbíls 24.000 km  
Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)	
---	Áætlaður verktakakostnaður	29.061.000	100,0	10.310
2	Gussi ehf., Stykkishólmi	20.010.000	68,9	1.259
1	BB og synir, Stykkishólmi	18.751.428	64,5	0

## Niðurstöður útboða, vetrarþjónusta Vestursvæði, framhald

### Vetrarþjónusta 2018-2021, Útnesvegur og Fróðárheiði 18-027

Tilboð opnuð 24. apríl 2018. Vetrarþjónusta árin 2018-2021 á eftirtöldum leiðum:  
Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði, 14 km  
Snæfellsnesvegur (54) frá Útnesvegi að Staðarstað, 20 km  
Útnesvegur (574) frá Fróðárheiði að sunnan að Fróðárheiði að norðan, 67 km  
Arnarstapavegur (5710)  
frá Útnesvegi að Arnarstapa, 1,4 km  
Helstu magntölur eru:  
Akstur mokstursbíls 16.200 km  
Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)	
---	Áætlaður verktakakostnaður	22.291.000	100,0	5.544
2	B. Vigfússon, Kálfárvöllum	16.995.000	76,2	248
1	T.S. Vélaleiga, Ólafsvík	16.747.000	75,1	0

### Vetrarþjónusta 2018-2021, Djúpvvegur: Reykhólasveit – Reykjanes 18-029

Tilboð opnuð 24. apríl 2018. Vetrarþjónusta árin 2018-2021 á eftirtöldum leiðum:  
Djúpvvegur (61),  
Vestfjarðavegur í Reykhólasveit – Hólmavík, 30 km  
Djúpvvegur (61),  
Hólmavík – Reykjanes í Ísafjarðardjúpi, 27 km  
Helstu magntölur eru:  
Akstur mokstursbíla 54.000 km  
Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)	
2	Jarðlist ehf., Reykjavík	61.286.000	102,0	16.405
---	Áætlaður verktakakostnaður	60.096.000	100,0	15.215
1	Björn Sverrisson, Hólmavík	44.881.000	74,7	0



Vefmyndavél, Djúpvvegur (61)



Vefmyndavél, Djúpvvegur (61)

### Vetrarþjónusta 2018-2021, Reykjanes – Bolungarvík 18-030

Tilboð opnuð 24. apríl 2018. Vetrarþjónusta árin 2018-2021 á eftirtöldum leiðum:  
Djúpvvegur (61) Reykjanes – Bolungarvík, ásamt Hafnarvegi (636), Vestfjarðavegi í Tungudal (60) og Skutulsfjarðarvegi (639). Lengd vegakafila er 155 km  
Helstu magntölur eru:  
Akstur mokstursbíla 43.000 km  
Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)	
4	Þotan ehf., Bolungarvík	54.767.000	121,3	14.882
---	Áætlaður verktakakostnaður	45.150.000	100,0	5.265
3	Kubbur ehf., Ísafirði	43.437.000	96,2	3.552
2	J. Reynir ehf., Reykjavík	42.610.000	94,4	2.725
1	Steypustöð Ísafjarðar, Ísafirði	39.885.116	88,3	0

### Vetrarþjónusta 2018-2021, Dalasýsla 18-028

Tilboð opnuð 24. apríl 2018. Vetrarþjónusta árin 2018-2021 á eftirtöldum leiðum:  
Vestfjarðavegur (60),  
Breiðabólstaður – Djúpvvegur í Geiradal, 74 km  
Snæfellsnesvegur (54), Vestfjarðavegur – Bíldhóll, 27 km  
Heydalsvegur (55), Bíldhóll – Snæfellsnesvegur, 26 km  
Helstu magntölur eru:  
Akstur mokstursbíla 20.000 km  
Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)	
---	Áætlaður verktakakostnaður	24.261.000	100,0	4.546
2	GS. Þjónustan, Búðardal	20.047.000	82,6	332
1	Kolur ehf. Búðardal	19.715.000	81,3	0

## Niðurstöður útboða, vetturþjónusta Norðursvæði

### Vetturþjónusta 2018-2021,

#### Tjörn – Möðrudalsleið 18-049

Opnun tilboða 25. apríl 2018. Vetturþjónusta árin 2018-2021 á eftirtöldum leiðum:

Aðaldalsvegur (845),  
 Aðaldalsvegur – Hringvegur, 17,1 km  
 Hringvegur (1),  
 Einarstaðir – Mývatnssveitarvegur, 23 km  
 Hringvegur (1),  
 Mývatnssveitarvegur – Mývatnssveitarvegur, 16 km  
 Hringvegur (1),  
 Mývatnssveitarvegur – Möðrudalsleið, 63 km  
 Mývatnssveitarvegur (848),  
 Hringvegur – Hringvegur, 20 km  
 Heildarlengd vegakafila er 139,1 km  
 Helstu magnþölur á ári eru:  
 Akstur mokstursbíls 33.000 km  
 Verklok eru 30. apríl 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	37.760.000	100,0	19.870
2 Jón Ingi Hinriksson ehf., Mývatnssveit	22.540.500	59,7	4.651
1 Vinnuvélar Reynis ehf., Húsavík	17.889.600	47,4	0

### Vetturþjónusta 2018-2021,

#### Eyjafjörður að austan 18-046

Opnun tilboða 25. apríl 2018. Vetturþjónusta árin 2018-2021 á eftirtöldum leiðum:

Helstu magnþölur eru:  
 Hringvegur (1), Akureyri – Svalbarðseyri, 11 km  
 Hringvegur (1), Svalbarðseyri – Grenivíkurvegur, 5,0 km  
 Svalbarðseyrarvegur (830),  
 Hringvegur – Svalbarðseyri 1 km  
 Grenivíkurvegur (83), Hringvegur – Grenivík, 21 km  
 Flugvallarvegur (820),  
 Eyjafjarðarbraut vestri – flugstöð, 0,2 km  
 Eyjafjarðarbraut vestri (821), Hringvegur – Miðbraut, 11 km  
 Kristnesvegur (822),  
 Eyjafjarðarbraut vestri – Kristnes, 1 km  
 Miðbraut (823),  
 Eyjafjarðarbraut vestri – Eyjafjarðarbraut eystri, 1 km  
 Eyjafjarðarbraut eystri (829), Hringvegur – Miðbraut, 11 km  
 Eyjafjarðarbraut vestri (821),  
 Miðbraut – Eyjafjarðarbraut eystri, 13 km  
 Heildarlengd vegakafila er 110 km  
 Helstu magnþölur á ári eru:  
 Akstur mokstursbíls 45.000 km  
 Verklok eru 30. apríl 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	50.850.000	100,0	11.340
1 Ísrefur ehf., Akureyri	39.510.000	77,7	0

### Vetturþjónusta 2018-2021,

#### Eyjafjörður að vestan 18-045

Opnun tilboða 25. apríl 2018. Vetturþjónusta árin 2018-2021 á eftirtöldum leiðum:

Hringvegur (1), Fremri-Kot Norðurárdal – Akureyri 61 km  
 Ólafsfjarðarvegur (82), Hringvegur – Ólafsfjörður, 50 km  
 Svarfaðardalsvegur (805),  
 Ólafsfjarðarvegur – Tunguvegur, 11 km  
 Tunguvegur (806),  
 Svarfaðardalsvegur – Skíðadalsvegur, 1 km  
 Skíðadalsvegur (807),  
 Tunguvegur - Ólafsfjarðarvegur, 10 km  
 Árskógssandsvegur (808),  
 Ólafsfjarðarvegur – Árskógssandur, 2 km  
 Hauganesvegur (809), Ólafsfjarðarvegur – Hauganes, 2 km  
 Hjalteyrarvegur (811), Ólafsfjarðarvegur – Hjalteyri, 3 km  
 Heildarlengd vegakafila er 140 km  
 Helstu magnþölur á ári eru:  
 Akstur mokstursbíls 83.000 km  
 Verklok eru 30. apríl 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	91.150.000	105,8	23.086
--- Áætlaður verktakakostnaður	86.150.000	100,0	18.086
2 Malbikun Akureyrar ehf., Akureyri	73.205.000	85,0	5.141
1 Túnþökusalan Nesbræður ehf., Akureyri	68.064.000	79,0	0

### Vetturþjónusta 2018-2021,

#### Sauðárkrókur – Blönduós

#### – Sauðárkrókur 18-043

Opnun tilboða 25. apríl 2018. Vetturþjónusta árin 2018-2021 á eftirtöldum leiðum:

Hringvegur (1), Blönduós – Fremri Kot Norðurárdal, 83 km  
 Sauðárkróksbraut (75), Hringvegur – Sauðárkrókur, 24 km  
 Skagastrandarvegur (74), Blönduós – Skagaströnd, 21 km  
 Þverárfjallsvegur (744),  
 Skagastrandarvegur – Sauðárkróksbraut, 40 km  
 Skagafjarðarvegur (752), Hringvegur – Steinsstaðir, 11 km  
 Siglufjarðarvegur (76),  
 Hringvegur – Sauðárkróksbraut, 22 km  
 Heildarlengd vegakafila er 201 km  
 Helstu magnþölur á ári eru:  
 Akstur mokstursbíls 55.600 km  
 Verklok eru 30. apríl 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Steypustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki	61.964.000	106,3	17.698
--- Áætlaður verktakakostnaður	58.266.000	100,0	14.000
1 Vélþjónustan Messuholti ehf., Sauðárkróki	44.266.000	76,0	0

### Vetturþjónusta 2018-2021,

#### Kross – Húsavík – Lón 18-048

Opnun tilboða 25. apríl 2018. Vetturþjónusta árin 2018-2021 á eftirtöldum leiðum:

Norðausturvegur (85),  
 Kross – Aðaldalsvegur 25,7 km  
 Norðausturvegur (85),  
 Aðaldalsvegur – Húsavík, 18,1 km  
 Norðausturvegur (85),  
 Húsavík – Fjallsvegur, 33 km  
 Kísilvegur (87),  
 Norðausturvegur – Hvammavegur, 18 km  
 Heildarlengd vegakafila er 94,8 km  
 Helstu magnþölur á ári eru:  
 Akstur mokstursbíls 33.000 km  
 Verklok eru 30. apríl 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	34.820.000	100,0	17.273
3 Ístrúkkur ehf., Kópaskeri	26.050.000	74,8	8.503
